

Mál nr. 140/2020**M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins A****Ágreiningur um bótaskyldu er kona brenndist á fæti við hver.****Gögn.**

Málskot, dags. 15.4.2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11.5.2020.

Málsatvik.

Samkvæmt frásögn í málskoti kvaðst M, sem er af erlendu bergi brotin, hinn 25. apríl 2019, eftir að hafa skoðað bæklinga fyrir ferðamenn, hafa ásamt eiginmanni haldið til sveitarfélagsins B til að skoða bæinn, hver í bænum og borða á veitingastöðum. Er þau komu til B hafi þau ekki orðið vör við nein skilti eða merkingar um það hvert þau ættu að fara til þess að skoða hver og hvar gæti verið hættulegt að fara um. Hafi þau ekið í gegnum bæinn uns þau hafi orðið vör við hverri rétt utan við byggðina er þau voru komin í sveitarfélagið A. Hafi þau numið staðar við fyrsta hverinn sem þau sáu sem hafi verið staðsettur við veginn sem þau óku eftir. Þar hafi hvorki verið skilti né merkingar sem vörðu við að fara of nálægt hvernum. Hafi þá ekki viljað betur til en svo að jarðvegur umhverfis hverinn hafi gefið sig með þeim afleiðingum að M rann með fótinn ofan í hverinn og brenndist.

M kveðst hafa verið að skoða hver á fjölförnum stað sem er opinn almenningi. Hverinn sé staðsettur á stíg rétt utan við B við veg sem hægt er að aka eftir. Engar merkingar eða viðvaranir hafi verið við hverinn eða kringum hann sem gáfu tilefni til það ætla að hættulegt væri að fara of nálægt honum. Hún hafi því ekki átt von á því að jarðvegur á stígnum myndi gefa sig þegar á hann var stigið. Þar sem vanrækt hafi verið af hálfu A að koma fyrir nauðsynlegum varúðarmerkingum við hverinn beri A skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem hún hlaut umrætt sinn. Hefur hún krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna nákvæmlega hvar umræddur hver er sem M slasaðist við. Engin gögn liggja heldur fyrir hvernig akstursleið er háttað að hvernum, eða aðstæður eru í kringum hann. Einungis liggur fyrir lýsing M sjálfrar. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er ósannað að slysið verði rakið til vanrækslu af hálfu A varðandi merkingar við það svæði þar sem slysið varð eða annarra atvika sem A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins A hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.